

## Svar

### matvælaráðherra við fyrirspurn frá Ingu Sæland um ráðstöfun og nýtingu aflaheimilda.

1. Hver var úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, sundurliðað eftir fiskveiðiárum tímabilið 2021/2022–2022/2023?

Ráðuneytið leitaði til Fiskistofu varðandi tölulegar upplýsingar um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa fyrir framangreint tímabil. Í svörum stofnunarinnar kemur fram yfirlit þar sem sjá má sundurliðun úthlutunar byggðakvóta vegna viðkomandi fiskveiðiárs og hvort úthlutun er tilkomin vegna yfirstandandi fiskveiðiárs eða vegna fyrra fiskveiðiárs, þar sem heimilt er að úthlutun fari fram eftir 1. september, þ.e. á nýju fiskveiðiári, ef réttur til afhendingar byggðakvóta hefur stofnast á fyrra fiskveiðiári og óskað hefur verið því að afhending fari fram í byrjun nýs fiskveiðiárs.

Úthlutað á fiskveiðiárinu	Úthlutun tilkomin vegna byggðakvóta fiskveiðiársins	Magn í kg (óslægt)
2020/2021	2019/2020	4.626.894
2020/2021	2020/2021	3.190.255
2021/2022	2020/2021	3.632.575
2021/2022	2021/2022	3.454.062
2022/2023	2021/2022	2.487.741
2022/2023	2022/2023	4.019.712
2023/2024	2022/2023	2.284.109

2. Hver var úthlutun skel- og rækjubóta skv. 3. mgr. 10. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, sundurliðað eftir fiskveiðiárum tímabilið 2021/2022–2022/2023? Þess er óskað að eftirfarandi þættir verði tilgreindir: skráningarnúmer, nafn skips og einkennisstafir, eigandi, heimahöfn, stærð og útgerðarflokkur viðkomandi skips, úthlutað aflamark, magn úthlutaðra skel- og rækjubóta, aflamark sem flutt hefur verið frá skipi, afli skips og landaður afli í því byggðarlagi sem tilheyrir byggðakvóta skips. Aflatölur og aflamark taki til eftirtalinna tegunda: þorsks, ýsu, ufsa, steinbíts, gullkarfa, keilu og löngu. Allar tölur skulu miðast við óslægðan afla.

Ráðuneytið leitaði til Fiskistofu varðandi tölulegar upplýsingar um úthlutun skel- og rækjubóta (S&R) og byggðakvóta fyrir framangreint tímabil. Í fylgiskjali I má sjá yfirlit um úthlutunina.

3. *Hvað var mikið af aflaheimildum í eftirfarandi nytjategundum á sl. 10 árum sem ekki var nýtt: þorski, ýsu, ufsa, steinbít, gullkarfa, keilu, löngu, djúpkarfa, litla karfa, grálúðu, sandkola, skrápflúru, skarkola, þykkvalúru/sólkola, skötusel, humri, sumargotssild, makríl, blálöngu, hlýra, gulllaxi, úthafs rækju, rækju við Snæfellsnes, kolmunna, norsk-íslenskri sild og úthafskarfa? Óskað er eftir upplýsingum um útgefnar aflaheimildir og um magn í tonnum eftir tegundum og árum. Einnig er óskað eftir sambærilegum upplýsingum ef veitt hefur verið umfram ráðgjöf á umræddu tímabili í framangreindum nytjategundum.*

Ráðuneytið leitaði til Fiskistofu varðandi tölulegar upplýsingar um nýtingu aflaheimilda á síðastliðnum tíu árum og útgefnar aflaheimildir. Svar stofnunarinnar er tvískipt og má sjá í fylgiskjölum II og III.

Í fylgiskjali II er yfirlit um sundurliðun á nýtingu aflaheimilda í óslægðu magni eftir breytum sem sjá má í töflu.

Í fylgiskjali III er yfirlit um sundurliðun á leyfilegum heildarafla eftir breytum sem sjá má í töflu.

### **Fylgiskjal I.**

#### **Upplýsingar um úthlutun skel- og rækjubóta.**

[www.althingi.is/alttext/pdf/154/fylgiskjol/s1076-f\\_I.pdf](http://www.althingi.is/alttext/pdf/154/fylgiskjol/s1076-f_I.pdf)

### **Fylgiskjal II.**

#### **Sundurliðun á nýtingu aflaheimilda í óslægðu magni.**

[www.althingi.is/alttext/pdf/154/fylgiskjol/s1076-f\\_II.pdf](http://www.althingi.is/alttext/pdf/154/fylgiskjol/s1076-f_II.pdf)

### **Fylgiskjal III.**

#### **Sundurliðun á leyfilegum heildarafla í óslægðu magni.**

[www.althingi.is/alttext/pdf/154/fylgiskjol/s1076-f\\_III.pdf](http://www.althingi.is/alttext/pdf/154/fylgiskjol/s1076-f_III.pdf)

⋮